

Framtíðarsýn fyrir árin 2007 - 2010



Framtíðarsýn Sveitarfélagsins Garðs er hér sett fram í helstu málaflokkum fyrir árin 2007-2010. Á hverju ári verða verkefni endurmetin í ljósi aðstæðna og að höfðu samráði við íbúa á reglulegum íbúafundum.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur bæjarins aukist um 4% á ári vegna íbúafjölgunar. Gert er einnig ráð fyrir að þjónusta við íbúa aukist í réttu hlutfalli við fjölgun s.s. með stækkun leik- og grunnskóla. Áætlunin er unnin samkvæmt verðlagi í febrúar 2007.

Það er trú okkar að með framtíðarsýn þeirri sem hér birtist sé ljóst að Garður sé fjölskylduvænn bær sem leggur áherslu á vellíðan og þroska barna og skapar íbúum öllum góð skilyrði til búsetu.

Ásamt því að vinna að því að efla samfélagið verður unnið að skipulagningu íbúðahverfis fyrir um 200 íbúðir og unnið að fjölgun góðra atvinnutækifæra í samvinnu við nágrannasveitarfélög. Þannig verður íbúum sköpuð fleiri tækifæri til góðra starfa nærri heimilum sínum.

Það er gott að búa í Garðinum og verður enn betra eftir því sem framtíðarsýnin verður að raunveruleika.

Oddný Harðardóttir,
bæjarstjóri

Skólastarf

Markmið skólastarfs er að stuðla að persónulegum og félagslegum þroska allra nemenda og gera þá færa um að taka á ábyrgan og skapandi hátt þátt í síbreytilegum heimi utan skólans. Lögð verður áhersla á viðfangsefni sem stuðla að gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og ábyrgð, námstækni, skipulögðum vinnubrögðum og góðri umgengni ásamt samvinnu og samhjálp. Í kjölfar skólaþings verður skólastefna Garðs mótuð og ytra mat skólastarfs og umbótaáætlanir unnar af fagaðilum.



Leikskólinn Gefnarborg

- Unnið verður að því á kjörtímabilinu að elsti árgangur í Leikskólanum Gefnarborg fái 6 klst. vistun á dag gjaldfrjálsa.
- Nemendur fá einstaklingsbundna þjónustu.
- Tryggt verður að öll börn frá tveggja ára aldri eigi kost á leikskóladvöl.
- Leitað verður leiða til að fjölga menntuðum

leikskólakennurum í samstarfi við rekstraraðila leikskólans.

- Bílastæðum við leikskólann verður fjölgað.
- Lóð leikskólans verður endurskipulögð.
- Árið 2008 verður 4. deildin tekin í notkun.
- Samstarf Gefnarborgar og Gerðaskóla verður styrkt og eflt.



Gerðaskóli

- Unnið verður áfram að heildarskipulagi Gerðaskóla með tengingu við íþróttahúsið.
- Gerðaskóli verður stækkaður fyrst um tvær stofur árið 2007, um aðrar tvær árið 2008 og um 5-8 stofur árin 2009-2010.
- Mat á skólastarfi verður sjálfsagður þáttur í starfi kennara og annarra starfsmanna og

umbótaáætlanir sem matinu fylgja nýttar til að bæta skólastarfið.

- Áhersla verður lögð á fjölbreytt úrval verk- og listgreina með bættri námsaðstöðu.
- Húsgögn verða endurnýjuð þannig að búnaður verði keyptur í a.m.k. eina skólastofu á ári.
- Leitað verður leiða til að auka samvinnu við foreldra og fjölga tækifærum þeirra til þátttöku í skólastarfinu.
- Nemendur eiga kost á hollri fæðu gegn vægu gjaldi. Árlega verður gerð könnun á þjónustu og gæðum skólamötuneytis og á ánægju nemenda með matinn.
- Frístundaskóli verður starfræktur fyrir nemendur í 1. til 3. bekk í tengslum við grunnskólann.

Aukin verða enn tengsl og samstarf grunnskólans við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.



Frístundaskóli

- Börnin fái verkefni við hæfi, leiki og útivist.
- Starfsmannahald sé í samræmi við öryggiskröfur og umfang starfsins.



Tónlistarskólinn í Garði

Hlutverk og meginmarkmið hans er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda sem og stuðla að öfluglu tónlistarlífi. Leitað verður leiða til að auka samvinnu tónlistarskóla og leik- og grunnskóla.

- Unnið verður að því að halda góðum kennurum skólans og laða að nýja vel menntaða kennara ef þörf krefur.
- Tónlistarskólinn hafi aðsetur í Gerðaskóla eigi síðar en árið 2010.
- Þeir nemendur í 1. og 2. bekk sem þess óska fá forskólakennslu í Gerðaskóla haustið 2007 gegn vægu gjaldi.
- Áfram verður samvinna um skólakór milli Gerðaskóla og Tónlistarskólans.



Vinnuskóli

- Vinnuskóli verður starfræktur frá um 11. júní til um 11. ágúst.
- Haldið verður námskeið fyrir flokkstjóra um samskipti og áherslur.
- Nemendur vinnuskólans fá fræðslu um vinnusiðfræði og mikilvægi þess að hirða vel um umhverfi bæjarins.
- Starfsemi vinnuskóla tekur mið af því mikilvæga uppeldisstarfi sem þar fer fram.



Æskulýðsstarf og íþróttir

Ljóst er að íþróttaiðkun og vandað tómskundastarf er ein besta forvörn sem völ er á. Viðfangsefni sem mæta þörfum hvers og eins og ýta um leið undir heilbrigðan lífstíl, styrkja sjálfsmýnd barna og unglunga. Það eitt hefur forvarnargildi og hjálpar þeim við að mæta öðrum áskorunum í lífinu.

- Aukin verður fjölbreytni í íþróttastarfi í Garði og iðkendum fjölgað. Boðið verður upp á hreyfinámskeið fyrir yngstu börnin, körfuboltanámskeið, sundnámskeið og frjálssar íþróttir. Leitað verður eftir samstarfi við Golfklúbb Suðurnesja varðandi golfnámskeið fyrir börn og unglunga.
- Samræmd verður starfsemi allra aðila sem koma að íþrótt- og æskulýðsstarfi í Garði til að auka yfirsýn.
- Unnið verður að því að auka þátttöku í almenningsíþróttum með því að hvetja til að gönguhópar verði stofnaðir og að framboð námskeiða í Íþróttamiðstöð verði fjölbreytt.
- Rennibraut verður komið fyrir í sundlauginni.
- Gufuklefar verða færðir út við sundlaug og starfsmannaaðstaða lagfærð.
- Gerð verður könnun á íþróttaiðkun barna og áhuga þeirra á íþróttum og félagsstarfi.
- Unglingar á aldrinum 14-20 ára fá góðan afslátt að þreksal Íþróttamiðstöðvar og þau þannig hvött til hreyfingar og líkamsræktar.
- Gerð verður úttekt á öllum leikvöllum bæjarins og þeim aflað tilskilin starfsleyfi. Leikvöllum verður einnig fjölgað.
- Fjölbreytni í tómskundastarfi fyrir börn verður aukið með því að bjóða upp á skólagarða, kofabyggð og leikjanámskeið á sumrin.
- Störf allra aðila sem vinna að forvörnum verða samræmd og samstarf aukið við nágrannasveitarfélög í þeim málaflokki.
- Gerð verður sú krafa að allt íþróttastarf sem bæjarfélagið kemur að, taki mið af stefnu ÍSÍ í barna og unglungaíþróttum.
- Allar upplýsingar um íþrótt- og tómskundastarf í Garði verða settar inn á heimasíðu bæjarins þannig að fólk geti fengið upplýsingar um starfsemi, tímasetningar og fleira á einum stað.
- Unnið verður að því að efla tómskundastarfsemi fyrir börn og unglunga s.s. skátastarf, barna- og unglingastarf kirkjunnar og ungliðahreyfingu björgunarsveitarinnar.
- Kannað verður hvernig tengja megi íþrótt- og tómskundastarf unglunga eldri borgurum og nýta reynslu og kunnáttu beggja aldurshópa. Markmiðið væri gagnkvæm jákvæð áhrif.
- Menning og listir öðlast aukið vægi innan tómskundamála í Garði.
- Starf æskulýðsmiðstöðvar verður eflt og klúbbastarfsemi aukin.
- Æskulýðsmiðstöð verður flutt í Sæborgu haustið 2007.
- Starfsemi æskulýðsmiðstöðvarinnar verður metin og umbótaáætlanir gerðar sem byggja á matinu.
- Í samráði við hestamenn verður lagning reiðvegjar að Garðskaga kláraður og hentugur staður fundinn fyrir beitiland í hjóla- og göngufæri við íbúabyggð og unglungum þannig auðveldað að stunda hestaíþróttir.



Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Garðs, Sandgerðis og Voga.

Markmið félagsþjónustunnar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindi og veita stuðning og leysa úr persónulegum og félagslegum vanda. Ráðgjöfin er í boði fyrir alla íbúa bæjarins og er endurgjaldslaus.

Markmið ráðgjafarinnar er að hjálpa fólki til sjálfshjálpar þannig að sérhver einstaklingur geti sem best notið sín í samfélaginu.

Þjónustan tekur m.a. til:

- Ráðgjafar á sviði fjármála.
- Húsnæðismála.
- Uppeldismála.
- Skilnaðarmála, þ.m.t. forsjár- og umgengismála.
- Ættleiðingarmála.
- Félagsráðgjafi veitir einnig upplýsingar um möguleika á þjónustu utan félagsþjónustunnar svo og vísar fólki áfram í þau úrræði sem henta hverjum og einum.
- Félagslegrar heimaþjónustu.
- Liðveislu.



Samstarf við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum um forvarnir í fjölskyldumálum.

Markmið með verkefninu er að auka þjónustu við íbúa, auka samvinnu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og skapa samfellu milli greiningarvinnu, aðgerðaráætlunar og úrræða í kjölfar hennar.

- Í þjónustunni felst ráðgjöf, meðferð og eftirfylgd til barna á aldrinum 0-10 ára og fjölskyldna þeirra sem eiga við geð- og/eða sálfélagslegan vanda að stríða.
- Byggt er á faglegu samstarfi og verkaskiptingu sem er háð sérfræðiþekkingu hvers og eins sem að málinu kemur.
- Fagmenn munu starfa í nánu samstarfi við þá sem sinna ungum börnum, s.s. ungubarnavernd, félagsþjónustu og starfsmenn skóla.
- Árangur verkefnisins verður mældur með vísindalegum hætti.



Fatlaðir

Réttur fatlaðra til þjónustu er varinn með lögum um málefni fatlaða, [nr. 59/1992](#). Í lögunum segir að fatlaðir skuli eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Auk þess að eiga rétt á allri almennri þjónustu sem sveitarfélagið veitir geta fatlaðir leitað til félagsþjónustunnar eftir sértækri lögboðinni þjónustu til handa fötluðum, eins og liðveislu, ferðaþjónustu, heimahjúkrun, sjálfstæðri búsetu o.s.frv. (sbr. Lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992).

- Unnið verður að því að Sveitarfélagið Garður reisi eitt og sér eða í samvinnu við Sandgerðisbæ, húsnæði sem hentar til búsetu fyrir fatlað fólk. Húsnæðið ásamt öllum rekstri verði leigt út til Svæðisskrifstofu fatlaðra.
- Fatlaðir með skerta vinnugetu verða aðstoðaðir við að fá atvinnutækifæri með stuðningi.
- Í gegnum félagsþjónustuna verður veitt liðveisla til þess að rjúfa félagslega einangrun í samræmi við lög um málefni fatlaðra nr. 59/92, t.d. með aðstoð til að njóta menningar.
- Félagsleg ráðgjöf verður veitt fötluðum á vegum félagsþjónustunar. Annars vegar með því að veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og hins vegar með því að veita stuðning vegna félagslegra og persónulegra vandamála.
- Samstarf verður við Hæfingastöðina sem tekur á mótí unglíngum 18 ára og eldri.
- Stuðningur og áframhaldandi samvinna verður við Ragnarssel.
- Ferðaþjónusta verður veitt þeim einstaklingum sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki og hafa ekki afnot af bíl.
- Ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra verður veitt í gegnum félagsþjónustuna. Samstarf verður við þá aðila sem þurfa þykir s.s. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Sjónarhól og aðra sem eru greiningar- og meðferðaraðilar, bæði í Reykjanesbæ og í Reykjavík.



Samfélagsþjónusta við eldri borgara

Þeir borgarar sem hafa náð 67 ára aldri hefja töku lífeyris og eru samkvæmt lögum skilgreindir sem aldraðir. Þessi hópur er fjölbreyttur og með ólíkar þarfir og óskir. Í lögum um málefni aldraðra segir að þeir eigi rétt á allri þeirri félags- og heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfi og hún skuli taka mið af þörfum hvers og eins. Ennfremur kemur fram að tilgangur laganna sé að aldraðir búi eins lengi og unnt er við eðlilegt heimilislíf.

- Garðbúar verða upplýstir um þjónustu og réttindi sem fylgja starfslokum.
- Starfslokanámskeið fyrir aldurshópin 65 - 67 ára verða haldin annað hvert ár, í samstarfi við stéttarfélög á Suðurnesjum og nágrennasveitarfélög.
- Heimabjónustan verður markviss og skilvirk. Þjónustan verður jafnframt fánleg með stuttum fyrirvara ef nauðsyn krefur.
- Komið verður á heimsóknarþjónustu í formi stuttra en tíðra heimsókna, þar sem markmiðið er að draga úr félagslegri einangrun. Leitað verður til félagasamtaka um samstarf við þetta verkefni.
- Unnið verður að eflingu íþróttastarfs og líkamsræktar fyrir aldraða með því að bjóða upp á námskeið sem henta þeim aldurshópi.
- Tryggja að aldraðir einangrist ekki félagslega.
- Boðið verður upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf sem höfðar til sem flestra, s.s. dans, golf, spil, föndur, útskurð o.s.frv. Aðsetur félagsstarfsins verður í Sæborgu.
- Boðið verður upp á tölvukennslu í samstarfi við Gerðaskóla.
- Aðstoð við garðahreinsun og snjómokstur verður veitt.
- Heimsending á matarbökkum.
- Afsláttur af fasteignasköttum af íbúðarhúsnæði til eigin afnota verður veittur til ellilífeyrisþega og 75% öryrkja, samkvæmt sérstökum viðmiðum.



Umhverfismál

Mörkuð verður skýr umhverfisstefna þannig að mögulegt verði að vinna að markmiðum Staðardagskrár 21. Leitað verður eftir aðstoð hjá ráðgjafa Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi þetta verkefni.

- Samstarf við leik- og grunnskóla varðandi umhverfismál verður aukið og skapaðir nýir möguleikar á því sviði. Lagður verður grundvöllur fyrir fræðslu og öflugu starfi á sviði umhverfismála sem stuðlar að bættri umhverfisvitund ungu kynslóðarinnar.
- Gerðaskóla og Gefnarborg verður afhent opið svæði við Bræðraborg til útikennslu og útivistar. Með verkefnavinnu og almennri umhirðu á svæðinu fá börnin tækifæri til að upplifa náttúruna í sínu nánasta umhverfi og jafnvel öðlast ábyrgðartilfinningu gagnvart því.
- Unnið verður að áætlanagerð og formlegri samþykkt Staðardagskrár 21 og mótun umhverfisvæns samfélags þar sem á öllum sviðum er unnið að betrubættu umhverfi.
- Hreinsun á strandlengjunni frá Garðskagavita að Réttarholti í samstarfi við Veraldarvini.
- Sjóvarnargarðar lagðir og lagfærðir þar sem þörf er á.
- Gras og garðaúrgangur í sveitafélaginu verði notaður til uppgræðslu í heiðinni á skipulagðan hátt.
- Lögð verður gangstétt frá Gerðaskóla út á Garðskagavita í áföngum.
- Frágangi lokið við gangstéttar og steiptur kantsteinn þar sem við á.
- Skrúðgarður samkvæmt verðlaunateikningu frá 1998 gerður í áföngum.
- Hreinsunaráttak í kringum fyrirtæki verður hrint af stað.
- Áætlun verður gerð um að koma frárennismálum í viðunandi horf. Fyrsti áfangi verður lagfærður árið 2007.
- Gönguleið með sjóvarnargarði frá Garðskagavita að Réttarholti verður gerð greiðfær.
- Grænt bæjarfélag árið 2010. Verkáætlun fyrir Staðardagskrá 21 endurskoðuð og yfirfarin.

Samgöngur

- Unnið verður að því að koma á strætisvagnaferðum sem tengjast strætisvagnakerfi nágrannasveitarfélaga.
- Leitað verður eftir samvinnu við nágrannabæi um gerð göngu- og hjólastígs á milli Garðs, Sandgerðis og Reykjanesbæjar.



Ferða- og menningarmál

Strandlengja Garðsins frá Garðskagavita inn að Berghólum er einstakt útivistarsvæði sem hefur upp á margt að bjóða og dregur að sér mikinn fjölda fólks allt árið um kring.

Byggðasafnið við Garðskagavita er á margan hátt sérstakt og endurbygging Útskálahússins hefur menningarsögulegt gildi.

- Tekið verður þátt í uppbyggingu og skipulagi ferðamála á Suðurnesjum í samstarfi við Ferðamálasamtök Suðurnesja.
- Tengsl við ferðaþjónustufyrirtæki verða eflað með það að markmiði að Garðskaginn verði sjálfsagður viðkomustaður þegar ferðast er um Suðurnes.
- Upplýsingar um þjónustu og sérstöðu Sveitarfélagsins Garðs munu liggja fyrir á Upplýsingamiðstöð Reykjaness og víðar.
- Útivistarsvæði við Garðskagavita verður skipulagt þannig að sérstaða svæðisins glatist ekki.
- Vitavarðarhúsið verður nýtt undir menningarstarfsemi og fleira og lagfært í áföngum.
- Kannaðir verða möguleikar á því að einkaaðilar reki sumarhús og gistihús, t.d. í námunda við golfvöllinn í Leiru.
- Gönguleiðir og sögustaðir verða merktir og aðgengi ferðamanna að fjörunni bætt.
- Leitað verður leiða til að skapa aðstæður í bænum fyrir handverksmenn og framleiðendur fiskafurða til að koma vörum sínum á framfæri við ferðamenn í samvinnu við einkaaðila.
- Sólseturshátíð verður fest í sessi sem árlegur fjölskyldu- og ferðamannaviðburður og hefð sköpuð fyrir fleiri hátíðum bæjarbúa, s.s. fjölmenningshátíð og þorravikivaka.
- Í samstarfi við æskulýðsmiðstöð verða menningaviðburðir ungs fólks skipulagðir.
- Vinnuástaða safnvarðar Byggðasafnsins verður bætt.
- Stutt verður við uppbyggingu Menningarsetursins að Útskálum.
- Í tengslum við 100 ára afmæli sveitarfélagsins verða ýmsir viðburðir sem tengjast bæði menningu og ferðamálum.
- Með þátttöku í Norræna félaginu eignast Garður vinabæ á Norðurlöndum.



Fjölmennning

Mikil fjölgun hefur orðið á íbúum Garðs af erlendum uppruna. Mikilvægt er að vel sé tekið á móti fólki sem flyst hingað frá öðrum löndum og stuðlað sé að því að þeir verði virkir þátttakendur í samfélaginu. Ekki er síður mikilvægt að aðrir íbúar fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu.

- Unnið verður gegn fordómum með fræðslu í leik- og grunnskóla og fræðslufundum fyrir almenning.
- Unnin verður stefna bæjarins í málefnum er snúa að fjölmenningu.
- Upplýsingar um þjónustu bæjarins verða þýddar yfir á pólsku og ensku.
- Samskipti heimila og skóla verða með þeim hætti að fólk af erlendum uppruna öðlist skilning á íslensku skólastarfi og námi barna sinna.
- Lögð verður áhersla á að íslenskunámskeið á vegum MSS verði haldin á hverju ári í Garðinum.



Stjórnsýsla

Lögð er áhersla á upplýsingaflæði til íbúa um stöðu málefna bæjarfélagsins eins og kostur er. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn bæjarins fara með daglegt umboð kjósenda en mikilvægt er að þeir séu meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart umbjóðendum og miðli til þeirra nauðsynlegum upplýsingum með skilvirkum og réttum hætti. Aðgangur að fundargerðum er mikilvægur þáttur í þessu og reglulegir kynningarfundir um þau mál sem eru efst á baugi.

- Íbúafundur verður haldið annað hvert ár til að gefa íbúum tækifæri til að koma að mótun stefnu bæjarins. Fyrsta íbúafundið verður í september 2007. Sérstakt íbúafundur ungmenna verður haldið.
- Framtíðarsýn fyrir kjörtímabilið verður birt á heimasíðu bæjarins.
- Íbúafundir verða haldnir árlega til að fara yfir framtíðarsýn, verkefnaskrá og árangur liðins árs og breytingar gerðar ef aðstæður hafa breyst. Þar gefst íbúum einnig kostur á að koma með ábendingar um það sem betur má fara í þeirra nánasta umhverfi.
- Heimasíða bæjarins verður skýr og aðgengileg og inniheldur ávallt nýjustu upplýsingar, fréttir og tilkynningar til almennings.
- Viðhorf íbúa til þjónustu verða könnuð með reglubundnum hætti til að tryggja að hún standist kröfur og væntingar.
- Nýir bæjarbúar verða boðnir velkomnir og þeim afhentar upplýsingar um starfsemi og þjónustu bæjarins.
- Stjórnkerfi bæjarins verður gagnsætt og sanngjarnt.
- Tekið verður í notkun kerfi þannig að skráning mála verði rafræn og erindi afgreidd innan eðlilegs afgreiðslufrests.
- Fundargerðir nefnda verða aðgengilegar íbúum á heimasíðu bæjarins í þeim mæli sem upplýsingalög heimila.



Uppbygging og skipulag

- Nýtt hverfi verður skipulagt ofan Garðvangs. Í skipulaginu verður gert ráð fyrir 199 íbúðum. Vegna þessa verkefnis verður Fiskverkunarhús við Háteig keypt til niðurrifs ef samningar takast við eigendur.
- Nýtt deiliskipulag verður hannað fyrir svæðið á Garðskaga.
- Nýtt aðal- og deiliskipulag verður hannað við Helguvík þar sem gert er ráð fyrir álveri og tengdum byggingum.
- Sameiginleg skipulags- og byggingarnefnd Garðs, Sandgerðis og Reykjanesbæjar mun vinna að skipulagi fyrir atvinnustarfsemi á fyrrum varnarsvæði.



Atvinnumál

Lykillinn að allri uppbyggingu sveitarfélags og búsetu er gott atvinnulíf. Tryggt verður að fyrirtæki fái góð vaxtarskilyrði s.s. heppilegt athafnasvæði, gott vatn, aðgang að orku og gott fyrirkomulag fráveitumála.

Sveitarfélagið Garður verður traustur og trúverðugur samstarfsaðili nágrannasveitarfélaga og tekur virkan þátt í þróun atvinnutækifæra á flugvallarsvæðinu, við Helguvíkurböfn og á háhitasvæðinu á Reykjanesi.

- Unnið verður að því að laða fyrirtæki til bæjarfélagsins.
- Sameiginlegt skipulag á atvinnusvæðinu við Helguvík verður hannað með tilliti til atvinnuuppbyggingar í samvinnu við Reykjanesbæ, báðum bæjarfélögum til hagsbóta.
- Unnið verður að því að Garður njóti góðs af því að olíutaknar við Helguvík séu nú komnir í borgaraleg not.
- Staðið verður fyrir fiskmetishátíð og sýningu í samvinnu við framleiðendur sjávarafurða og fiskmetis.
- Ferðaþjónusta verður eflað og grundvöllur skapaður fyrir aukna ferðatengda starfsemi í samvinnu við ferðamálasamtök. Í því sambandi verður unnið að því að Garðskagi verði álitinn sjálfsagður viðkomustaður í skipulögðum ferðum um Suðurnes.